



Lúxembourg, 24. janúar 2023

Fréttatilkynning 01/2023

Dómur í máli E-1/22 *G. Modiano Limited og Standard Wool (UK) Limited* gegn Eftirlitsstofnun EFTA

KRÖFU UM ÓGILDINGU ÁKVÖRÐUNAR ESA VEGNA RÍKISAÐSTOÐAR TIL NORSKA ULLARIÐNAÐRINS HAFNAÐ

Með dómi sem kveðinn var upp í dag hafnaði EFTA-dómstóllinn í heild sinni kröfu *G. Modiano Limited* og *Standard Wool (UK) Limited* (“stefnendur”) um ógildingu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA („ESA“) dags. 9. nóvember 2021 um meinta ríkisaðstoð til norska ullariðnaðarins.

Í ákvörðun sinni komst ESA að þeirri niðurstöðu að kerfið fæli í sér yfirstandandi aðstoð sem kom til framkvæmda fyrir gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“).

Með stefnu sinni kröfðust *G. Modiano* og *Standard Wool* ógildingar á umræddri ákvörðun ESA og var krafan byggð á fjórum málástæðum. Í fyrsta lagi hafi ESA gert mistök í mati sínu þegar ESA komst að þeirri niðurstöðu að kerfið fæli í sér yfirstandandi aðstoð. Í öðru lagi hafi ESA ekki tekið tillit til allra upplýsinga sem málið varða, og stefnendur lögðu fram í kvörtun sinni og bréfi til ESA dags. 25. október 2021, og þannig brotið gegn skyldu sinni að rökstyðja ákvarðanir sínar. Í þriðja lagi hafi ESA látið hjá líða að rannsaka og meta að hve miklu leyti fyrirtæki sem reka söfnunarstöðvar fyrir ull, fengu ólöglega ríkisaðstoð. Í fjórða lagi hafi ESA látið hjá líða að rannsaka og meta neikvæð samkeppnisáhrif styrkjakerfisins.

EFTA-dómstóllinn hafnaði með dómi sínum efnislega kröfu um ógildingu í heild sinni.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að í fyrstu málástæðu stefnenda hefði ekki verið sýnt fram á að reglugerðabreytingarnar hefðu haft í för með sér efnislegar breytingar á kerfinu síðan það var sett á laggirnar árið 1993. Varðandi aðra málástæðu stefnenda, tók EFTA-dómstóllinn fram að í flestum röksemdum sínum hvað þá málástæðu varðar vísuðu stefnendur til annarra skjala en stefnunnar sjálfrar, og þá aðallega til kvörtunar þeirra til ESA. Að mati dómstólsins uppfyllti stefnan því ekki nauðsynleg lagaskilyrði að því er þetta atriði varðar. Ennfremur hélt EFTA-dómstóllinn því fram að fullyrðing stefnenda þess efnis að ESA hefði átt að hafa safnað áþreifanlegum upplýsingum um hvernig kerfinu er stjórnað til þess að geta metið hvort að kerfinu hafi verið breytt, hafi ekki gefið til kynna að ESA hafi byggt mat sitt á röngum grundvelli. Dómstóllinn tók það einnig fram að um þetta atriði, þ.e. hvort kerfinu hafi verið breytt, hafi áður verið fjallað um í tengslum við fyrstu málástæðu stefnenda.

Varðandi þriðju málástæðu stefnenda tók EFTA-dómstóllinn það fram að hann hafi fjallað efnislega um hina umdeildu ákvörðun í tengslum við fyrstu málástæðu. Að lokum byggðu stefnendur fjórðu málástæðu sína á þeirri fullyrðingu að rekstraraðilar ullarsöfnunarstöðva njóti samkeppnisforskots vegna styrkjakerfisins sem raskar samkeppni. Að mati dómstólsins sýndu stefnendur ekki með fullnægjandi hætti fram á í stefnu sinni að um væri að ræða meinta röskun á samkeppni sem myndi réttlæta efasemdir um að styrkjakerfið samræmdist ákvæðum EES-samningsins og þannig uppfylla kröfur um sönnunarbyrði í slíkum málum.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.